

# Grænfánaverkefni

Jón.T,Óli,Linus

# loftslagsbreytingar

Loftslagsbreytingar geta bætt lífsskilyrði sumra tegunda en haft neikvæð áhrif á aðrar. Við hlýnun loftslags má gera ráð fyrir að hánorrænar tegundir sem eru aðlagðar köldu loftslagi fari að öllu jöfnu halloka fyrir tegundum sem þrífast betur við hærri hita eða þola betur veðurfarssveiflur. Haftyrðill sem er gott dæmi um hánorræna fuglategund sem ekki verpir lengur hér á landi, en tegundin verpti síðast 1995 í Grímsey og allt bendir því til þess að Haftyrðill sé horfinn úr tölu íslenskra varpfugla vegna hlýnunar loftslags.



# Prír nýir fuglar á Íslandi



Svartpröstur



Glókollur



Glitbrúsi

# Glókollur

Glókollur er fuglategund sem er nokkuð nýleg á Íslandi og er minnsti fugl Evrópu og þá jafnframt minnsti fugl Íslands. Hann er áberandi hnöttóttur, hálsstuttur, ólífugrænn að ofan, grænleitur á síðum, með gula kollrák og svartar rendur hvora sínu megin við hana, án brúnarákar. Tvö ljós vængbelti og gulir fjaðrajaðrar á svartleitum vængfjöðrum eru einkennandi. Hluti kollrákar karlfugls er appelsínugul.



## Svartþröstur

Hlýnun loftslags á Íslandi hefur líka fært okkur nýjar fuglategundir en þeim sem unna fuglasöng eru svartþrestir því kærkomin viðbót í fuglafánu landsins, en tilvist þeirra hér má ekki síst þakka aukinni trjárækt enda eru svartþrestir dæmigerðir skógfuglar. Þeir eru um 25 cm, ívið stærri en skógarþrestir sem eru 21 cm. Karlfuglinn er allur svartur, með skærgult nef og gulan augnhring, en kerlan er hreint ekki svört heldur dökkbrún, oft með ljósari bringu.





# Glitbrúsi

Glitbrúsi náfrænda himbrima og lóms, sást nýverið á ónefndum stað á Norðurlandi og er það í fyrsta sinn sem þessi fuglategund heimsækir Ísland, svo að óyggjandi sé.

Í bók Ævars Petersen, Íslenskir fuglar, sem út kom árið 1998, segir að glitbrúsa sé getið í rituðum heimildum frá því um og fyrir aldamótin 1900 og þá jafnvel sem íslensks varpfugls, en nú sé almennt álitíð að um rugling við himbrima hafi verið að ræða. Afturhlutinn minnir enda í fljótu bragði á himbrima en framhlutinn á lóm, nema það að glitbrúsinn er ekki rauður á kverkinni, eins og lómur á varptíma, heldur svartur.



# Grjótkrabbi

Grjótkrabbi fannst fyrst hér við land árið 2006. Fundur grjótkrabbans hér við land markar tímamót því fyrir fund hans við Ísland var útbreiðsla hans aðeins þekkt í Norður-Ameríku. Mikilvægt er að fylgjast með útbreiðslu grjótkrabbans til að meta hugsanleg áhrif krabbans á sjávarvistkerfin við Ísland en Grjótkrabbinn er nú orðinn útbreiddur við Suðvestur og Vesturströnd Íslands og hefur fundist norður í Eyjafirði. Grjótkrabbinn er nýbúi við Ísland og stundum talað um hann sem ágenga tegund sem geti haft áhrif til breytinga á lífríkinu. Enn eru þó engin merki enn um að hann hafi



**Takk fyrir að hlusta**

**:)**